

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/418
komudagur 25.6.2009

Efnehags- og skattanefnd Alþingis,
nefndasvið - Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2009

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis á netfang ríkislögreglustjórans, og tiltekna tvo starfsmenn embættisins, dagsett 22. þ.m., fylgdi til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, á þingskjali 155 – 118. mál. Í tölvupóstinum er tekið fram að umsögn megi skila á netfang nefndasvið Alþingis eins og gert er hér.

Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er tekið undir þær tillögur sem kynntar eru í XI. kafla frumvarpsins, til breytinga á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, að ráðherra verði heimilt í reglugerð að mæla fyrir um tímagjald er taka skuli mið af við ákvörðun þóknunar, sbr. nánar 21. og 22. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupóstsins.

F.h. RLS

Gísli Pálsson / Hildur Georgsdóttir